


LION



Íslensk útgáfa www.lions.is

blað nr. 317 desember 2019

Gleðileg jól



Desember 2019. Blað nr. 317
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu

Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá

kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir


Fjölumðæmisstjórn:



Ellert Eggertsson,
fjölumðæmisstjóri.
Ellert er félagi í Lions-
klúbbi Hafnarfjarðar.
Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: ellerte@
gmail.com



Jóhanna Thorsteinsson,
umðæmisstjóri 109 A.
Jóhanna er félagi í Lions-
klúbbum Eir. Ef þú þarft
að hafa samband við hana
þá er netfang hennar:
johanna@virgin.is



Bragi Ragnarsson,
umðæmisstjóri 109 B.
Bragi er félagi í Lionsklúbbum
Mosfellsbæjar. Ef þú þarft
að hafa samband við hann
þá er netfang hans:
br@brimhf.is



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2019-2020

Fjölumðæmisstjóri:

Ellert Eggertsson,
Lkl. Hafnarfjarðar

Umdæmisstjóri 109A: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Bragi Ragnarsson,

Lkl. Mosfellsbæjar

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Vara fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,

Lkl. Fjörgyn

Ritsstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi Hannesson,

Lkl. Garði

NSR-AU nefndarmaður:

Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Varaumðæmisstjóri 109B: Guðjón Andri

Gylfason, Lkl. Hængur

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Þóra

Bjarney Guðmundsdóttir,

Lkl. Eir

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Anna

Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2019 – 2020:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngvadóttir, Ísland

First Vice President: Judge Haynes H.

Townsend, United States

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States

Robert Block, United States

Kyu-Dong Choi, Korea

Larry L. Edwards, United States

Justin K. Faber, United States

Allan J. Hunt, Canada

Daniel Isenrich, Germany

Bent Jespersen, Denmark

Masayuki Kawashima, Japan

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico

Nicole Miquel-Belaud, France

VP Nandakumar, India

Judge Christopher Shea Nickell,

United States

Sampath Ranganathan, India

Marciano Silvestre, Brazil

Masafumi Watanabe, Japan

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan

Qazi Akram Uddin Ahmed, Bangladesh

Shoichi Anzawa, Japan

Billy J. (B.J.) Blankenship, United States

Gary F. Brown, United States

Rodolfo Espinal, Dominican Republic

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan

Jongseok Kim, Korea

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India

Geoffrey Leeder, England

Mark S. Lyon, United States

Heimo Potinkara, Finland

JP Singh, India

Steve Thornton, United States

Juswan Tjoe, Indonesia

A. Geoffrey Wade, United States

Dr. Walter Zemrosser, Austria

Upplag: 1000 eintök

Þökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Skreytt jólatré

Skilafrestur á efni í næsta blað er 6. febrúar

Góðmennska gefur hlýju til allra

Pistill Alþjóðaforseta



Sælir lionsfélagar,
Hvað er góðmennska?

Það eru allt sem Lions gerir: Það er þjónusta í okkar samfélögum og út um allan heim.

En góðmennska er eitt af þeim orðum sem hægt er að ofnota og þess vegna hverfur oft hin raunverulega merking orðsins. Góðmennska er hvað það sem við gerum sem gerir lífið betra fyrir aðra þó það sé bara um stundarsakir. Er það ekki það sem við erum að gera þegar við gefum mat eða tíma okkar? Erum við ekki að reyna að gefa fólki stund þar sem þeim finnst þau vera mikilvæg, stund þar sem þau eru ekki ein?

Góðmennska getur verið litlir hlutir: Tré plantað eða það getur verið eitthvað stórt: Umdæmi sem leggur alla sína fjármuni í að byggja upp menntun á jafnvægis grunni þar sem allir eiga jafnan rétt á menntun.

Ef rétt er staðið að þá mun góðmennska

líka láta þeim líða vel sem framkvæma hana. Þetta á við um alla góðmennsku. Það er mikilvægt að muna, sérstaklega á þessum tíma ársins, að veita fjárframlag er líka góðmennska. Það að veita framlag í formi peninga er að viðurkenna að það eru hlutir sem eru þannig að við getum ekki lagað þá strax. Þú ert að segja „þetta er stærra en ég og ég vil hjálpa“. Eina af bestu leiðunum til þess er að gefa til alþjóðahjálparsjóðsins okkar LCIF.

Sem alþjóðaforseti ykkar þá óska ég ykkur að finna þá gleði sem kemur með því að gefa til góðra málefna. Megi góðverk ykkar sem lionsfélaga veita ykkur gleði og hlýju.

Virðingarfyllt,
Dr. Jung-Yul Choi
Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er þriðja tölublað starfsársins komið út sem er prentað blað sem og netblað. Þetta blað hefur verið kallað „jólublaðið“ okkar og er því skreytt samkvæmt því eins er vaninn að fá einhvern til að skrifa hugleiðingu í blaðið og að þessu sinni er það Þórir Stephensen sem skrifar hana.

Í síðasta blaði varð ritstjóra á mistök við birtingu greinar Braga Ragnarssonar umdæmisstjóri í 109B og birti hann grein sem áður hafði komið út og eins kom ekki greinin með myndunum við afhjúpun bekkjarins. Ég ákvað því að birta þessar greinar báðar aftur þó þær hafi komið út í viðauka sem ég sendi út. Ég bið alla viðkomandi afsökunar á þessum mistökum.

Jólin eru hátíð ljóss og friðar þar sem fjölskyldur koma saman og eiga góðar stundir við að borða góðan mat og skiptast á gjöfum. Það eru þó ekki allir eins heppnir og flestir Íslendingar að geta átt þessar stundir í faðmi fjölskyldunnar í öruggu skjóli heimilisins. Margir eiga um sárt að binda bæði hér á Íslandi og út í hinum stóra heimi, margir sem eiga hvorki heimili né öruggt skjól. Hugur minn er hjá þessu fólki og ég veit að þó að ég óski þess að ég geti breytt aðstöðu þessa fólks þá get ég það ekki. Ég get þó lagt mitt á skál vogarinnar og gefið peningaupphæð til LCIF sem ég veit að notuð verður til hjálpa fólki í neyð. Það mun ég gera og vona að sem flestir lionsmenn geri slíkt hið sama því margt smátt gerir eitt stórt.

Umfjöllunarefnið í þessu blaði eru að ýmsum toga eins og svo oft áður og er það gott. Ég hvet ykkur til að lesa blaðið vel, þar er til dæmis fjallað um golfmót sem er styrktarmót fyrir LCIF og haldið á Spáni. Eins er auglýsing fyrir „Leiðtogaskólann“ sem ég hvet alla lionsmenn til að sækja.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári bæði í leik og starfi.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Hugleiðing – Þórir Stephensen

Jólabarnið Jesús Kristur

Grundvöllur Lionshreyfingarinnar



Við horfum fram til 24. desember. Klukkan 18 það kvöld hefst jólahátíð okkar kristinna manna. Samt eru jólin ekki dagsetning í almanakinu. Þau eru líftengd persónu Jesú Krists, og þau boða komu hans inn í líf þitt. Með öðrum orðum, jólin boða áhrif hans á hug þinn og gjörðir. Þar með er sagan þó ekki öll. Þú getur haldið jól að ytra hætti, haft jólatré, jólamat og jólagjafir, já, allt sem nöfnum tjáir að nefna, án þess þó, að jólin, já, jólin sjálf, nái að snerta þig. Þetta

er af því að allt hið ytra, sem fylgir þeim í dag, er orðið býsna fyrirferðarmikið. En það er aðeins afleiðing ekki orsök, það er umbúðir ekki kjarni. Kjarni jólanna felst í boðskap þeirra. Í mínum huga er hann þó ekki nákvæmlega sá sem hann var í upphafi, hina fyrstu jólanótt, að „svo elskaði Guð heiminn ...“ Mér finnst ég verða að líta þannig á málin, að kjarninn hafi vaxið með málefnum í heild. Sveinninn ungi, sem í jótuna var lagður, er þar ekki lengur. Hann óx upp og þroskaðist að visku, vexti og náð hjá Guði og mönnum. Og hann flutti kenningu, kom með nýja, fagnaðarríka lífssýn fyrir mannkynið. Það hlýtur að vera kjarnaatriði jólaboðskaparins.

Jólin eru mér það, að Kristur kemur til mín með hugsjónaeld sinn til þess að skilja ýmsa neista eftir í sál minni, neista sem ég vona að eigi eftir að verða að báli innra með mér og geti jafnframt kveikt elda innra með þeim sem með mér ganga lífsveginn og einnig loga þakklætis meðal þeirra sem njóta, ekki til mín, heldur hans sem sendi mig.

Boðskapur jólabarnsins er því býsna víðfeðmur. Og þegar við nýtum okkur sagnfræðina til að skyggna áhrif hans, þá eru þau miklu meiri en við hugsam út í daglega. Heimurinn sem Jesús Kristur fæddist inn í, þekking hans og hugsunarháttur eru úrelt orðin, en ekki Jesús sjálfur. Hversu einlæglega sem menn berjast hér fyrir jafnrétti, friði, félagslegum eða efnahagslum umbótum, þá er Kristur ætíð ofar öllu þessu. Hann er markið sem að vísu er stefnt að, en samt svo erfitt að ná. Þær jákvæðu hugsanir sem við berjumst fyrir eru allar sóttar í kenningu hans. Hann er í raun birgðastöð andlegra verðleika, sem aldrei þrjóta eða verða úreltar.



En hvað er átt við þegar fullyrt er, að Jesús sé grundvöllur Lionshreyfingarinnar?

Til að fá svar, skulum við rifja upp skírdagskvöldið, kvöldið fyrir föstudaginn langa, síðasta kvöldið sem hann lifði jarðnesku lífi. Þá efndu lærisveinarnir til kvöldmáltíðar með Jesú í loftsal í húsi Maríu, móður Markúsar guðspjallamanns. Það var þá venja á þessum slóðum, að menn lágu til borðs. Legubekkjum, sem sneru gafla að matborðinu, var raðað í kringum það og menn lágu á vinstri hlið með púða undir holhöndinni, en höfðu hægri handlegg og hönd frjáls til að seilast eftir því sem á borðinu var. Þarna gengu líka allir í opnum ilskóm í göturykinu, voru því óhreinir og yfirleitt illa þefjandi þegar þeir komu í hús. Það var því fyrsta kurteisisskylda hvers heimilis að láta þvo gestum þess um fæturna, þegar lagst var til borðs. Þetta var auðvelt, því ekki þurfti annað en ganga að baki öllum legubekkjunum, þar stóðu fæturnir aftur af. En þó þetta væri auðvelt, var það ekki vinsælt, þótti í raun svo niðurlægjandi, að helst voru það þrælur sem þessum starfa gegndu, eða aumasti þjónninn eða vinnukonan í húsinu.

En þegar Kristur var kominn til borðs, sá hann, að enginn ætlaði að annast fótaþvottinn. Annað hvort hafði það gleymst eða það sem líklegra þykir, að enginn lærisveinanna hafi viljað vinna þetta óvinsæla starf, því það sæmði þeim ekki. Þá tók Jesús sig til og þvoði þeim sjálfur. Pétur ætlaði ekki samþykkja að Jesús gerði þetta. En þá sagði hann: „Skiljið þér, hvað ég hef gjört við yður? Þér kallið mig meistara og herra, og þér mælið rétt, því það er ég. **Fyrst ég, sem er herra og meistari, hef nú þvegið yður um fæturna, þá ber yður einnig að þvo hver annars fætur. Ég hef gefið yður eftirdæmi, að þér breytið eins og ég breytti við yður.**“

Þarna liggja rætur þjónustuhreyfingarinnar í heiminum. Þarna kemur ný hugsun. Við eigum að þjóna hver öðrum. Það eru allir menn jafnir, þeir eiga allir sinn rétt, og ekki síst þeir sem eru minni máttar, að þeim sé hjálpað.

Stofnendur Lionshreyfingarinnar þekktu þessa skyldur, tóku ábyrgð þeirra á sínar herðar og héldu með þetta út í heiminn. Þar hefur blessun gróid úr hverju spori, ekki síst hér á landi.

Kæru Lionsfélagar. Horfið mót jólum og hlakkið til þess að endurnýja köllun ykkar við ljósið sem skín frá Betlehem og hvert einasta jólakerti minnir ykkur á. Jesús Kristur er ljós heimsins. Látið hann móta líf ykkar og starf.

Gleðileg jól.



Björgum börnum frá mislingum

Málþing Lionskvemma – New Voices Symposium

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



Laugardaginn 26. október var haldið málþing á Flúðum um konur í Lions. Til málþingsins voru allar konur velkomnar en málþingið var haldið á vegum Umdæmis 109A.

Netpóstar og símtöl

Fyrirkomulagið var með þeim hætti að sendur var út póstur á alla formenn kvennaklúbbanna í umdæminu þar sem þeim var kynnt málþingið og að klúbburinn mætti senda eins marga og síðan var honum fylgt eftir með pósti á allar konur í Lionshreyfingunni. Loks var hringt í formenn klúbbanna og kallað eftir að þær skráðu sig.

Málþingið var opið öllum konum, bæði lionskonum í A og B umdæminu sem og öðrum þeim konum sem hefðu áhuga á að kynna sér störf kvenna í lionshreyfingunni.

Þrjár konur voru valdar til að flytja erindi, en aðalræðumaðurinn var Hilde Straumsheim, GAT á Norðurlöndunum. Þess var jafnframt vænst að allir formenn kvennaklúbba umdæmisins kynntu klúbbinn sinn og fékk hver þeirra 5 mínútur til þess. Ræðumenn aðrir en formenn klúbbanna voru: Guðrún Hafsteinsdóttir formaður SI og markaðsstjóri Kjöriss, Eva Björk Harðardóttir oddviti í Skaftárhreppi, Kirkjubæjar-klaustri og Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps, Flúðum.

Segðu já!

Málþingið heppnaðist mjög vel og sóttu það um 40 lionskonur. Allar þessar konur kynntust starfi annarra kvennaklúbba og miðluðu um leið þekkingu sinni og reynslu til hverrar annarrar. Erindi þeirra Guðrúnar, Evu Bjarkar og Halldóru voru bæði skemmtileg og mjög fræðandi. Lagði Guðrún sérstaka áherslu á að konur segðu: "Já" þegar til þeirra væri leitað og þeim sýnt það traust að kalla þær til starfa.

Undirbúningshópurinn ákvað strax í upphafi að leggja skyldi til rútu til að flytja konur frá höfuðborgarsvæðinu og aftur til baka. Vár rútan nær full af áhugasömum lionskonum sem hlökkuðu til að hittast og læra hver af annarri. Konurnar voru frá öllu svæði A umdæmisins, frá Egilsstöðum til Reykjaness og var mjög skemmtilegt að fræðast um hin ólíku verkefni sem þær unnu að. Það var sérstaklega gaman að fá konur frá Lionessklúbbi Keflavíkur sem komu sérstaklega vel undirbúnar til málþingsins. Vár gerður góður rómur að starfi þeirra og kynningu á því.



Viðurkenningarskjal

Allir þátttakendur munu fá viðurkenningarskjal fyrir þátttöku sína í málþinginu. Hilde Straumsheim fræddi konurnar um uppbyggingu Lions á Norðurlöndunum og í Evrópu og fræddi einnig konurnar um starf sitt í Noregi. Bæði starfið í sínum klúbbi og einnig um verkefni í Noregi almennt.

Að þessu sinni var ákveðið að leita styrkja til að kosta málþingið og væntum við þess að það verði styrkt að fullu.

Mjög margar þátttakendanna lýstu áhuga sínum að mæta á svona málþing aftur, ekki sjaldnar en annað hvert, eða þriðja hvert ár. Sumar konurnar vildu fá svona málþing á hverju ári. En slík ákvörðun liggur auðvitað hjá hverjum umdæmisstjóra fyrir sig.

Undirbúningshópurinn skipaði Sesselja G. Sigurðardóttir, Lkl. Kaldá, fulltrúi kvenna í GMT teymi A umdæmis og þær Helga Lára Guðmundsdóttir formaður Lkl. Eirar og Þóra Bjarney Guðmundsdóttir 2. varaumdæmisstjóri í A umdæmi.



Fjölumdamisstjóri

Ellert Eggertsson

Fjölumdamisstjóri MD109



Lions Europa Forum 2019 var haldið í Tallinn, Eistlandi daganna 4-6 Október s.l. Fulltrúar Íslands voru undirritaður sem fjölumdamisstjóri, ásamt konu sinni Júlíönu Guðmundsdóttir og Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir unglingskiptastjóri fjölumdamisins. Guðrún Björt Yngvadóttir og Jón Bjarni Þorsteinsson voru að sjálfsögðu á þinginu, Guðrún sem fráfaramandi alþjóðaforseti og formaður alþjóðahjálparstjóðsins LCIF. Einnig sóttu þingið Jóhanna Thorsteinson umdamisstjóri 109A og Þórunn Friðriksdóttir svæðisstjóri svæði 5, 109A.

Þingið tókst í alla staði vel og höfðu menn á orði að þetta væri eitt best heppnaða þing sem þeir höfðu sótt, allt skipulag, tímasetningar, hótél og allur aðbúnaður var eins og best verður á kosið.

Nokkrar tillögur lágu fyrir þingið og tvær þeirra varðandi fjármögnun Evrópu Forum þinga. Í fyrri tillögunni var lagt til að settur yrði 0.50 EUR skattur á alla lionsfélaga í Evrópu sem rynni til fjölumdamisins/umdamisins sem heldur þingið. Þessi tillaga var felld með miklum meirihluta.

Önnur tillaga var á þá leið að fjárhagsleg staða fjölumdamisins/umdamisins sé könnuð gaumgæfilega til að ganga úr skugga um hvort það hafi fjárhagslega burði til að halda Europa Forum, áður en umsóknin er lögð fyrir þingið til samþykktar. Einnig að hver lionsfélagi í fjölumdaminu/umdaminu leggi til 12 EUR framlag til að tryggja fjárhagslega stöðu fjölumdamisins/umdamisins.

Flestum fannst tillagan að mörgu leyti ágæt, en menn gátu ekki sætt sig við 12 evru framlag frá hverjum félagi og var hún því felld. Sem dæmi þyrftu Finnar að leggja fram 250 þús evru framlag til að halda Evrópu Forum og það gátu þeir ekki sætt sig ekki við.

Ástæðan fyrir þessum ályktunum er að töluvert tap hefur verið á mörgum undanförunum þingum og sem dæmi voru reikningar fyrir síðasta þing í Skopje ekki tilbúnir til samþykktar á þessu þingi.

Kosin var millipinganevnd til að fara yfir þessi mál og á hún að skila inn tillögum fyrir þingið í Thessaloníku á næsta ári.

Boðið var upp á fjölmarga fyrirlestra og námskeið á meðan á þinginu stóð og ekki möguleiki að komast á nema hluta þeirra. Haldið var dags GAT námskeið deginum fyrir þingið sem ég sótti. Eftir námskeiðið er ég sannfærðari um að GAT er ekkert flókið fyrirbæri, teymisvinna og aftur teymisvinna er aðalatriðið. Og loksins er lögð meiri áhersla á að nýta svæðisstjórnanna til að ná til klúbbana. Eins og ég hef oft sagt, það er alveg sama hvað við sprikjum í umdæmunum og fjölumdaminu, ef við ekki náum til félaganna í klúbbunum, þá skeður ekki neitt. Á þetta jafnt við verkefni og félagafjölgun.

Fjölumdamisstjórn norðurlandanna funduðu að venju á þinginu (NSR) og fluttu stutta skýrslu, hver frá sínu landi. Kom fram hjá Aarne Kivioja fjölumdamisstjóra MD 107 Finnlandi, að þeir væru að sjá töluverða fækkun lionsfélaga, um helmingur umdamanna væri undir 1250 félögum og eru þeir farnir að hugsa til sameiningar umdæma eins og bæði Norðmenn og Svíar hafa gert.

Björn Zarbell MD 104 Noregi sagði að þeir væru á fullu að undirbúa næstu Rauðu Fjaðrar sölu sem verður í janúar. Söfnunin verður formlega opnuð af Haraldi konungi Noregs og sjónvarpað í beinni útsendingu. Eitthvað sem við ættum að hugsa til þegar við seljum næst Rauða Fjöður. Ég held að við verðum að vera miklu sýnilegri þegar við förum af stað í söfnun eins og „Rauða fjöðrin“ er, auglýsa okkur mun betur og fá t.d. forsetann eða forsætisráðherra til að opna söfnunina, til að ná betri árangri.

Næsta Forum verður í Thessaloníku, Grikklandi og hefur komið tillaga frá Svíþjóð að hjóla frá öllum Evrópu löndum til Thessaloníku og safna áheitum fyrir „hreinu vatni“ fyrir Afríku. Ég kynnti þessa tillögu fyrir fjölumdamis/umdamisfundinum sem var í byrjun nóvember og samþykkti umdamisstjórnaráðið að taka þátt í verkefninu. Þetta gæti verið spennandi verkefni fyrir okkur og mikil auglýsing fyrir hreyfinguna ef rétt er staðið að málum. Verkefnateymin munu fljótleiga fara af stað með nauðsynlegan undirbúning og munum við skýra frá stöðu mála þegar nær dregur.

Að lokum óska ég öllum lionsfélögum nær og fjær, gleðilegra jóla og von um farsælt komandi ár og þakka samstarfið á árinu sem er að líða.



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Umdæmisstjóri 109B

Bragi Ragnarsson

Umdæmisstjóri 109 B



Sælir kærur lionsfélagar
Mín einkunnarorð eru:
Með vináttu leggjum við lið.

Ég hugsa oft um hvað vináttan er okkur mikils virði, í lions er áhersla á vináttu félaganna og fjölskyldum þeirra.

Vináttan er undirstaðan að starfi lionsklúbba. Lionsfélagar eru tryggur vinahópur sem stendur saman. Í Lions eignast margir sína bestu vini.

Pegar við hittum fólk á förnum vegi sem hefur áhuga á að fræðast um Lions, þá verðum við að vera tilbúin með lions ræðuna. Því oft verður fyrsta spurningin, hvað gerið þið í lions.

Þá er gott að nota þessa ræðu:

Lionsfélagar láta gott af sér leiða á sviði mannúðar og menningarmála.

Lionsklúbbar styðja sitt nærsamfélag, taka þátt í landsverkefnum og alþjóðlegum verkefnum. Lionsfélagar leggja lið þeim sem minna mega sín m.a. sjúkum, sjóndöprum og fötludum

Einnig eru verkefni tengd börnum, öldruðum, menningarmálum, umhverfi o.fl.

Það er gott að lesa siðareglur lions.

1. Að líta á starf mitt sem köllun og leysa það svo af hendi að ég ávinni mér traust.
2. Að leitast við að ná góðum árangri í starfi mínu og áskilja mér hæfilega umbun erfiðis míns, en reyna ekki að hagnast með óréttmætum hætti.
3. Að muna að láta ávinning minn ekki verða á annarra kostnað; að vera trúur meðbræðrum mínum og heiðarlegur gagnvart sjálfum mér.
4. Leiki vafi á lagalegu eða siðferðilegu réttmæti gerða minna, að breyta þá við

náungann eins og ég vil að hann breyti við mig.

5. Að gera vináttu að markmiði, ekki leið að marki. Sönn vinátta krefst einskis í eigin þágu og má aldrei vera háð gagnkvæmum greiða.
6. Að hafa ætíð í huga skyldur mínar sem þjóðfélagsþegn og að vera hollur þegn þjóðar og byggðarlags bæði í orði og verki.
7. Að hjálpa meðbræðrum mínum í vanda. Þeir sem um sárt eiga að binda þurfa hluttekningu, bágstaddir og minnimáttar stuðning.
8. Að vera gætinn í gagnrýni og örlátur á hrós. Að byggja upp, en rífa ekki niður.

Með lionskveðju

Bragi Ragnarsson

Umdæmisstjóri/ DG

Umdæmi/District 109 B

2019-2020

GSM: 8434226

Netfang: br@urseafood.is



Minning † Einar Þorsteinsson



Sólheimahjáleigu

F. 31. ágúst 1928

D. 24. ágúst 2019

Með söknuði og þökk er kær félagi koaddur.

Einar var félagi í Lionsklúbbum Suðra í Vík í Mýrdal. Hann bjó í Sólheimahjáleigu í Mýrdal í 60 ár.

Ég kynntist Einari fyrst nýkomnum frá námi í búvísindum í Danmörku. Við tók hjá honum starf ráðunautar hjá Búnaðarsambandi

Suðurlands og bóndastarf í Sólheimahjáleigu með hans ágætu konu, Eyrínu. Frá blómabúi þar spratt fram með tíð og tíma fyrirgreiðsla ferðamanna sem í dag setur mikinn svip á sveitabýlið. Annasamt starf ráðunautar með mörgum fjarvístum var kröfuhart, í mörg horn að líta og bændur studdir í því með ráðum og dád.

Vináttu Einars var mér mikils virði, traust, góð og ráðholl. Þar á ég bestar og mestar minningar frá árstuga samstarfi í Lionsklúbbum

Suðra. Einar var öllum áhugasamari um framgang hans og velferð og var landgræðslustjóri hans. Í því merka starfi var gengið á hólmi við ófögnuð, æpandi moldarsár móðujardar. Þau voru mörg í austurhlíðum Reynisfjalls og austan Víkurár í dalnum fagra. Fosstorfa í Skógum austur frá Skógarfossi var umkringd moldarflagi, ófögur sjón fyrir allra augum. Lambafellshálsinn fríði úti í sveit var með svöðusár á báðar hliðar. Einar gekk þarna ótrauður að verki með lið sitt. Svöðusárin hafa verið grædd, Fosstorfa singur enga ferðamenn í augun. Tvímælalaust er þetta fegursta minnismeirki um Lionsklúbbin Suðra, eigi síður skyldi haldið á lofti minningu mannsins er skipulagði verkið og stjórnaði því.

Í Einari missti Suðri stofnfélaga sem alltaf hafði að leiðarljósi hugsjón Lions um bætt mannlíf og bættu jörð. Ég minnst Einars í hlýrri þökk, hann lagði jafnan gott til mála og ég fór hvert sinn hressari og glaðari af fundi hans. Eyrínu og fjölskyldu eru sendar samúðarkveðjur frá Skógum.

Þórður Tómasson

SightFirst gefur fólkinu í Burkina Faso nýtt líf

Eftir Jamie Konigsfeld

Allar götur síðan 1925 hefur sjónvernd og baráttan gegn blindu verið efst á baugi Lions og í nærri 30 ár hefur hið einstaklega vel heppnaða SightFirst „verkfæri“ Alþjóðahjálparsjóðsins verið aðal „verkfærið“ í þeirri baráttu. Nú er verið að vinna samkvæmt SightFirst í 102 löndum. Þetta einstaka „verkfæri“ hefur gefið sérlega góða raun með því að þróa alhliða vinnuumhverfi á sviði augnhjúkrunar með sérstaka áherslu á svæði þar sem heilbrigðiskerfið er ekki upp á marga fiska.

Verkefni felur meðal annars í sér þjálfun heilbrigðisstarfsfólks og stjórnenda, uppfærslu á búnaði og aðstöðu, aukið aðgengi að fræðsluefni fyrir almenning, uppbyggingu endurhæfingaraðstöðu og margt annað mætti nefna. Með stuðningi LCIF hafa Lionsfélagar og samstarfsaðilar unnið að einföldum hlutum eins og að leiðrétta sjónskekkju með gleraugum og allt upp í flóknu augnaðgerðir. Markmiðið er enn að koma í veg fyrir fyrirbyggjanlega blindu og bæta líf þeirra sem þegar eru blindir.

Lions veldur byltingu

Það er staðreynd að um það bil 80% af allri blindu og sjónskerðingu er hægt að koma í veg fyrir eða lækna. Sem „Riddarar hinna blindu“ taka lionsfélagar þetta verkefni alvarlega og vinna hörðum höndum víða um heim í þessari baráttu. Í Burkina Faso er í gangi tveggja ára SightFirst verkefni á svæðum þar sem augnheilbrigðisþjónusta er í algeru lágmarki. Með 110.000 dollara SightFirst styrk frá LCIF vinna lionsfélagar og samtökin „One Dollar Glasses“ að því að koma upp fjórum augnheilbrigðisstöðvum þar sem fólk fær ókeypis þjónustu. Einnig verða þar til sölu gleraugu á verði sem íbúarnir ættu að ráða við eða þá ókeypis fyrir þá verst settu. Verkefnið hófst 2018 og gert er ráð fyrir að 124.000 einstaklingar fái þjónustu og að minnsta kosti 26.400 gleraugum verði dreift.

Hér er saga nokkurra sem notið hafa þjónustunnar.

Francois

Francois sá ekki skýrt nema 25 cm fram fyrir sig. Þar sem hann bjó var ekki neina hjálp að hafa fyrir blinda eða sjónskerta. Francois frétti svo frá vini sínum að Lions væri að veita svona þjónustu án endurgjalds. Þessi 65 ára gamli maður með mikla sjónskerðingu fór af stað um miðja nótt og þurfti að ferðast á mótörhjól 45 km. langa leið til að komast í augnskoðun. Leiðin var erfið fyrir mann sem ekki sá nema 25 cm fram fyrir sig. Hann vildi þó leggja þetta á sig og vonaði að ferðin yrði þess virði. Það varð svo sannarlega raunin. Eftir skoðun hjá augnlækni fékk Francois sérsníðuð gleraugu sem hann gat greitt um það bil 1.000 kr. fyrir. Þegar hann setti upp gleraugun brosti hann og sagðist í fyrsta sinn í fjölmörg ár sjá allt skýrt. Ferðin heim aftur var honum mun auðveldari.

Idrissa

Á hverjum morgni fer Idrissa á litla matsölustaðinn sinn þar sem hann sérhæfir sig í að gera avokadó samlokur með tómötum, lauk, avokadó og nýbökuðu brauði. Margir af nágrennum hans byrja daginn með því að kaupa hjá honum samlokur og aðrir panta þær og vilja fá þær sendar. Hann er mjög ánægður með vinnuna sína. Það var aðeins eitt vandamál, dálítið stórt vandamál. Idrissa var með mjög slæma sjón og gat ekki lengur notað mótörhjól sitt til að keyra út pantanir og þarf því að treysta á að bróðir hans geti hjálpað honum. Jafnvel þó hann hafi rekið sitt eigið litla fyrirtæki í meira en 30 ár, hafði hann ekki efni á að fara til augnlæknis.



Constan einbeittur við samsetningu gleraugna.



Francois með nýju gleraugun sín.



Idrissa útbýr nú avokadó samlokurnar með bros á vör.

Á ferðum sínum barst bróður hans til eyrna orðrómur um nýja augnheilbrigðisstöð þar sem fólki bauðst ókeypis þjónusta. Löngunin til að binda enda á þessi vandræði sín rak hann Idrissa af stað til að láta skoða í sér augun. Eftir skoðunina fékk hann gleraugu og líf hans gjörbreyttist. Hann gat sjálfur farið að keyra út pantanir og honum tókst að stækka reksturinn þannig að fjölskyldan lifir betra lífi. Á veggnum hjá honum hangir nú auglýsing sem hvetur aðra með slæma sjón til að láta skoða augun í sér.

Constan

Constan var með gláku, augnsjúkdóm sem oft sýnir engin einkenni fyrr en á lokastigi sem síðan getur leitt til ólæknanlegrar blindu. Það er einmitt það sem gerðist hjá Constan fyrir fjórum árum. 29 ára gamall varð hann blindur, missti vinnuna og var þar með ófær um að sjá um sig sjálfur. Það er að segja, allt þar til SightFirst setti upp augnheilbrigðisstöð ekki langt frá þar sem Constan bjó. Augnheilbrigðisstöðina vantaði starfsfólk og meðal annars einhvern sem gæti sett saman gleraugu. Eftir talsverða þjálfun náði Constan mjög góðum tókum á verkefninu, fékk vinnuna og getur nú séð um sig sjálfur. Hann segir að

það sé ekki verra að vinnan hans við gleraugun bæti líf fjölmargra einstaklinga sem annars væru illa staddir.

Þökk sé stuðningi frá LCIF verkefninu SightFirst, Lionsfélögum í Burkina Faso og One Dollar Glasses, öðlast fólk sem minna má sín sjálfstæði sitt aftur og bætt líf, þar á meðal Francois, Idrissa og Constan.

Á heimasíðu Alþjóðahjálparsjóðsins, LCIF er mikið af upplýsingum um verkefni LCIF og ekki síst um alþjóða fjáröflunarátakið Campaign 100 sem stefni á að safna 300 milljón dollurum til að auka og bætta það gríðarlega mikilvæga starf sem lionsfélagar um allan heim eru að sinna. www.lcif.org/campaign100

Þýðing: Kristinn Hannesson



Lionsklúbbur Seltjarnarness

Eins og undanfarin ár verður Lionsklúbbur Seltjarnanes með jóladagatöl í sölu til fjáröflunar í ýmsum verslunum núna fyrir jólin. Um helgina 8. desember, komu við félagarnir saman og lúmdum miða og tannkremstúpur á dagatölin og gerðu þau klár til sölu. Eins og í fyrra fengum við inni hjá Dekurflutningum í Grafarvogi til að vinna í þessu. Á myndinni eru Hjörtur Hannesson ritari og Sigurður Engilbertsson.

Lionsklúbburinn afhenti Neskirkju nýtt hljóðkerfi fyrir kirkjuna að gjöf í guðþjónustu í 24. nóvember. Það var Bragi Ólafsson formaður sem afhenti Guðmundi Einarssyni formanni safnaðarstjórnar hljóðkerfið formlega. Nýja hljóðkerfið hefur þegar verið sett upp. Eftir guðþjónustu var kaffisamsæti í safnaðarheimillinu.



Lionsklúbburinn Seyla Álftanesi

Lionsklúbburinn Seyla er nú á sínu 7. starfsári.

Nýr formaður er Hólmfríður Þorvaldsdóttir, ritari er Sigrún Stefánsdóttir og gjaldkeri Dórothea Hartford.

Gestur á fyrsta félagsfundi var Jóhanna Thorsteinsson, umdæmisstjóri 109A. Við tókum inn 3 nýja félagi á þessum fundi og eru nú 24 hressar konur í klúbbum. Meðalaldur er 62 ár.

Á fundinum las Jóhanna upp bréf frá Lions Clubs International þar sem Guðrúnu Össurardóttur var veitt viðurkenning, Gold Centennial Award, fyrir framlag hennar við að koma að stofnun nýs klúbbs sem starfhæfur hefur verið og er virkur og fékk hún af þessu tilefni líka afhent sérstakt gullmerki sem gefið var út í tilefni 100 ára afmælis Lions og er ætlað þeim sem hlotið hafa Gold Centennial Award.

Vel heppnuð haustferð var farin í lok september þar sem Seylufélagar nutu bæði úti- og innvistar og enduðu í dýrindiskvöldverði á Von mathúsi.

Við höldum okkar félagsfundi í Safnaðarheimili Bessastaðasóknar og borgum fyrir aðstöðuna með samstarfi við sóknarnefndina sem felst í því að vera með veitingar, t.d. í heimsókn frá vinafélagi sóknarinnar og eftir messu með verðandi fermingarbörnum og aðstandendum þeirra.

Við leggjum aðaláherslu á verkefni sem tengjast börnum, eldri borgunum og umhverfinu og höfum frá stofnun klúbbsins verið með bókagjafir til nemenda 10. bekkjar grunnskólans fyrir góðan námsárangur og þá höfum við líka styrkt verkefni til að koma í veg fyrir einelti. Á hverju vori frá stofnun klúbbsins höfum við svo hreinsað fjörur á Álftanesi.

Í ár erum við búnað að styrkja Líknarsjóð Bessastaðsóknar, Ljósið, endurhæfingarmiðstöð krabbameinsgreindra og LÍF, styrktarfélag kvennadeildar Landspítala, sem er að safna fyrir vöggum á fæðingar-deildina.

Okkar aðalfjáröflun hefur verið sörubakstur fyrir jólin og opið kvennagolfmót á vorin.



Nýir félagar: Mæðgurnar Heiðís Sigursteinsdóttir og Heba Þorsteinsdóttir og Anna Thorsteinsson.



Styrkur til Líknarsjóðs Bessastaðasóknar.



Sörubakstur.

Hinn 7. desember verðum við með blóðsykurmælingar, ásamt Lionsklúbbi Álftanes, í Íþróttahúsinu á Álftanesi.

Við sendum öllum lionsklúbbum bestu kveðjur með ósk um árangursríkt starf í vetur.

Guðrún María, formaður fjölmiðla- og samskiptanefndar



Blóðsykurmælingar 2019

Undanfarnar vikur hafa Lionsmenn (konur eru líka menn) mælt blóðsykur hjá landanum. Má gera ráð fyrir að langflestir klúbbar hafi staðið fyrir slíkri mælingu og er það vel að verki verið.

Yfirleitt eru þessar mælingar framkvæmdar í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld, og þá helst heilsugæslurnar á hverjum stað. Venjulega náum við til alls nokkurs fjölda í þessum mælingum og má gera ráð fyrir að tíu af hverjum 100 mældum séu að mælast of háir. Og af þessum tíu gætu verið allt að fimm sem væru að greinast með gildi blóðsykurs svo hátt að grunur um sykursýki vaknar og viðkomanda bent á að fara strax til læknis til frekari skoðunar.

Lionsklúbburinn Eir ákvað að fara nýja leið í þessum mælingum og mældu blóðsykur í fyrirtækinu BYKO í Kópavogi. Alls mættu 90 starfsmenn í mælinguna að meðtöldum forstjóranum og telst það vera um 75% starfsmannanna sem tóku þátt.

Það væri hægt að óska eftir samvinnu við Heilsugæsluna um að fá skólahjúkrunarfræðinga grunnskólanna á höfuðborgarsvæðinu til að

mæla blóðsykur með Lionsfélögum í skólunum. Það ætti að vera frekar einfalt í framkvæmd því hjúkrunarfræðingar grunnskólanna eru með fasta viðveru ákveðinn tíma vikunnar. Þarna væri hægt að fjölga mældum einstaklingum verulega.

Lionsklúbburinn Eir er einn minnsti klúbburinn á höfuðborgarsvæðinu og þó svo víðar væri leitað. Klúbburinn telur alls átta konur og eru sex þeirra mjög virkar. Þannig hvílir starfið á fárra höndum. Við létum samt ekki okkar eftir liggja og sömdum við heilsugæsluna í Hvammi til að aðstoða okkur. Vár sérlega notalegt samstarfið við þá og ekki síður samstarfið við Medor, sem lagði til mikilvægan búnað. Við þökkum öllum fyrir samstarfið og ekki síst BYKO í Kópavogi.

Jóhanna Thorsteinson ritari Ll. Eirar og Umdæmisstjóri 109A

Lionsklúbburinn Agla

Þriðjudaginn 5. nóvember héldum við kynningarfund. Mættir voru 13 félagar og 25 gestir sem konur buðu með sér. Þar að auki komu þrír félagar að kynna Lions, það var Jón Pálmason félagafulltrúi, sem sagði frá lionsstarfinu og stofnun hreyfingarinnar. Dagný Finnsdóttir sagði frá lestrarátakinu og Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir sagði okkur frá unglingaskiptum. Á milli voru létt skemmtiefni því við viljum hafa gaman saman. Fundurinn tókst mjög vel og allir fóru glaðir heim, en svo er eftir að sjá hver árangurinn verður.

Bestu lionskveðjur,

Sigurbjörg Viggósdóttir



LCIF - Golfmótið - LCIF 7° Worlds Lions Golf Tournament



Kæru lionsfélagar,
Með gleði bjóðum við ykkur hér með í LCIF 7° heimsmeistarakeppnina í golfi (LCIF 7° Worlds Lions Golf Tournament) sem að þessu sinni er haldin á Spáni. Þetta árið mun fyrrverandi alþjóðaforseti okkar Guðrún Björt Yngvadóttir heiðra mótið með nærveru sinni. Mótið verður í Andalúsíu á Spáni og hefst 24. febrúar og stendur til 1. mars 2020. Þetta er styrktarmót fyrir LCIF. Andalúsía er paradís fyrir golfunnendur með yfir 100 golfvelli þar sem veðurfar er með eindæmum gott, sól og hiti allt árið



um kring. Barceló Montecastillo golf & sport resort þar sem mótið fer fram er rétt við hliðina á Jerez de la Frontera, sem er umkringdur mörgum sögufrægum borgum á Spáni og m.a. mjög nálægt Sevilla.

Frestur til að skrá sig og fá tíma á teig er 31. desember. Það er því ekki eftir neinu að bíða að skrá sig og taka þátt í þessu móti.

Frekari upplýsingar má fá á heimasíðu mótsins: <http://www.lionsgolf.es> (heimasíða á ensku). Eins og áður hefur komið fram þá er allur ágóða gefin til styrktar LCIF og „Campaign 100“.

Við hlökkum til að sjá þig á Suður Spáni.

Með bestu kveðju,
The Lions Golf Organizational Team
PID Luis Dominguez Calderon





Fjallgönguleiðangur

Fjallgönguleiðangur eingöngu skipaður konum safnar peningum fyrir barnaskóla.

Hinn 6. ágúst 2019 náðu sjö lionskonur úr 10 kvenna leiðangri hæsta tindri Mount Kilimanjaro í Tanzaníu. Hafa þær þegar safnað 42,000 bandaríkjadöllum í áheitu, en sú upphæð rennur beint í sjóð sem notaður verður til þess að reisa skóla fyrir börn í Kenýu.

Verkefnið Kilmanjaro fyrir börnin ("Kili for Kids") varð til eftir að Guðrún Yngvadóttir var fyrst kvenna kosin alþjóðafarseti Lions. Hugmyndina átti Inna Flag, sem einnig heldur utan um verkefnið sem ætlað er að sýna að konur geta náð á toppinn í hverju sem er.

Í leiðangrinum tóku þátt tíu konur frá Ítalíu, Englandi, Danmörku, Rússlandi, Póllandi, Kenýu, Rúmeníu, Nepal, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Sviss.

Konurnar hétu því að klífa Mount Kilimanjaro, hæsta fjall Afríku, (5,895 m) með það að markmiði safna 58,950 bandaríkjadöllum, þ.e. 1 dal á konu fyrir hvern klifinn metra, til þess að reisa skóla fyrir börn.

Konurnar gengu í sex daga, 11-13 tíma á dag í slagveðursrigningu, hálfu og hæðarveiki áður en þær náðu tindinum. „Að segja að það sé verulega erfitt að klífa á tind Kilimanjaro er



vægt til orða tekið, þetta var mun meiri áskorun en okkur hafði nokkru sinni órað fyrir," sagði rússneska lionskonan Armine Oganeyan.

En konurnar fylgdu ráðum þrautreyndra leiðsögumanna sinna: „Ekki horfa upp, horfið frekar niður og sjáið hve langt þið eruð komnar. Fylgið ávallt í fótspor næstu manneskju á undan. Tindurinn kemur fyrir en varir.“

Skólinn verður byggður í Amrita Center,

nálægt höfuðborginni Nairobi, sem sér um menntun foreldralausra barna og barna úr fátækjum fjölskyldum. Markmiðið er að fjölga skólabörnum á svæðinu úr 200 í 600.

Þýðing: Edda Briem



Vertu meðmælandi!

Að mæla með nýjum félaga er einn öflugasti styrkur sem þú getur unnið Lionshreyfingunni

Með því að mæla með nýjum félaga eruð þið að hjálpa klúbbum ykkar að viðhalda og endurnýja lífskraftinn í klúbbum. Þið stuðlið að því að nýir straumar og vindar leiki um klúbbinn ykkar. En allt of margir skipta sér lítið af félaganum eða ekkert eftir að hann kemur inn. Þeim þarf að fylgja eftir í 2-3 ár. Hringja og minna á fundi og annað. Taka jafnvel með á fundi.

Sem meðmælandi þarftu að stuðla að því að nýi félaginn þinn fái:

Áhrifamikla inntökuathöfn. • nýliðamöppu og Lions-merki. • góðar móttökur hjá eldri félögum. • sé kynntur fyrir öllum félögum og stjórnarmönnum. • fái verkefni. • komist á nýliðanámskeið um hreyfinguna og fer með honum þangað. • fái góða fræðslu um klúbbinn. • fái tækifæri til að tjá sig á fundum um það sem er til umræðu innan klúbbsins. • fái tækifæri til að þjálfa leiðtogaæfileika sína. • sé hvattur til að sækja alla fundi. Þú átt að fá meðmælanda merki um leið og nýi félaginn er tekinn inn.

Fróður félagi er góður félagi

Það er nauðsynlegt að nýr félagi fái góða fræðslu um hreyfinguna og hvað hann er að ganga í. Taka hann með á nokkra skemmtilega fundi og hvetja hann til að kynna sér upplýsingar og fróðleik sem er í ljósriti sem fylgir nýliðamöppu. Þó það sé erfitt þá þarf hann að vita um kostnað. Þegar maður skoðar lista yfir brottfall þá sést að ca 45 % nýliða endist ekki almanaksárið. Það er vegna þess að eitthvað af þeim hlutum sem ég nefni hér að ofan hefur ekki gengið eftir.

Þó að ekki sé lengur mætingarskylda á klúbbfundum ertu betri félagi og færð meira út úr veru þinni í klúbbum eftir því sem þú mætir betur.

Jón Gröndal félagastjóri GMT



Kveðja frá Lionsklúbbnum Emblu



Við Emblu konur byrjuðum samveru komandi starfsárs á að fara í 30 ára afmælisferð 31. ágúst og var haldið á Vog á Fellsströnd, þar sem við gistum eina nótt og þar var gott að vera. Við vorum einstaklega heppin með veður og buðum okkar ektamökum með og þetta varð hin skemmtilegasta ferð. Síðan tók við skipulagning vetrarstarfsins, að prenta og selja jólakortin okkar sem er ein af okkar aðal fjáröflunum. Konukvöld sem var haldið í fimmta sinn nú í byrjun nóvember og tókst alveg stórkostlega vel. Þar borðum við góðan mat sem var framreiddur af Pálma Hjaltasyni, vorum með skemmtilegan veislustjóra, Margréti Erlingsdóttur, tískusýningu frá flottu versluninni okkar hér á Selfossi, Lindinni og henni stjórnaði eigandinn, Kristín Hafsteinsdóttir. Og ekki má gleyma Magnúsi Þór Sigmundssyni, sem gerði stórkostlega lukku. Þetta kvöld tókst vel í alla staði. Á fyrsta fundinn okkar í september kom leynigestur sem reyndist vera bæjarstjóri Árborgar, Gísli Halldór Halldórsson, hann borðaði með okkur og svaraði svo spurningum okkar Emblu kvenna. Mjög skemmtileg heimsókn.

Í október kom til okkar Magnús J. Magnússon, formaður karlklúbbs Lions á Selfossi. Hann hafði margt fram að færa enda reyndur og góður lionsmaður. Hann ræddi meðal annars um að auka samvinnu milli lionsklúbba á Selfossi og höfum við nú þegar byrjað þá samvinnu.

Á þeirra Kótelettukvöldi unnu Emblu konur og síðan mættu þeir á okkar Konukvöld og stjónuðu við okkur. Við stöndum saman vaktina við að mæla blóðsykur og erum alltaf í anddyri Kjarnans hér á Selfossi. Erum ákveðin í að efla þessa samvinnu enn meir, þetta er bæði gaman og gefandi samstarf.

Þessa dagana er verið að selja jólakort út um allan bæ, og okkur alltaf vel tekið og það er sem fyrr, okkar kæri lionsmaður, Jón I. Sigurmundsson sem teiknar á jólakortin ár hvert og erum við alltaf jafn þakklátar honum fyrir vinargreiðann.

Nú alveg á næstu dögum er okkar árlega Diskó fyrir fatlaða fólkið okkar og hlakkar alla jafn mikið til því þetta eru einstakar og skemmtilegar samkomur með dansi, gleði og svo kaffi samsæti á eftir sem er eins og besta afmælisveisla og ávallt stjórnað af Jóni Bjarnasyni sem er algjörlega ómissandi maður í þessu starfi hjá okkur. Margt annað skemmtilegt er framundan hjá okkur en nú læt ég staðar numið og þakka stuðning við okkur í gegnum árin.

Sendum bestu jóla- og áramótakveðjur með ósk um gott og gjöfult ár okkur öllum til handa.

Guðrún Guðnadóttir, blaðafulltrúi Lkl. Emblu, Selfossi.



Lionshreyfingin á Íslandi heiðrar Guðrúnu Björt



Bekkurinn góði hjúpaður



Jóna Sæmundsdóttir bæjar- og umhverfisfulltrúi Garðabæjar þakkar Guðrúnu Björt og Eikarkonum fyrir allt það sem þær hafa gert fyrir bæjarfélagið



Ellert Eggertsson fjölumdamisstjóri opnar hátíðina



Bekkurinn afhjúpaður



Merkingin á bekknum

Það er ekki ofsögum sagt að Guðrún Björt hafi aukið hróður Lionshreyfingarinnar á Íslandi út um allan heim þegar hún sinnti starfi alþjóðaforseta hreyfingarinnar fyrst Íslendinga og kvenna í heiminum. Umdæmisstjóraráð 2018-2019 vildi heiðra Guðrúnu fyrir starf hennar á einhvern táknrænan hátt. Þess vegna var ráðist í þá framkvæmd sem fjallað er um í þessum pistli.

Guðrún og Jón Bjarni föluðust eftir landi til kaups eða leigu til trjáræktar í landi Garðabæjar en þar fannst ekki land. Þau fengu síðar lund við hlið lundar Lionsklúbbsins Ásbjarnar í Hafnarfirði sem alþjóðastjórn Lions „gaf“ síðan Guðrúnu.

Umdæmistjóraráði fannst við hæfi að til væri „Guðrúnar“ lundur í heimabæ Guðrúnar sem minnti á hið framúrskarandi starf hennar. Þá kviknaði sú hugmynd að fá lund eða svæði inn í Garðabæ og setja þar bekk þar sem nafn hennar og staða kæmi fram og eins væri hægt að gróðursetja í kringum hann. Eins og flestum er kunnugt er Guðrún mikil áhugamanneskja um trjárækt og er bekkurinn með vísan í Cenntennial bekkjaverkefnið. Haft var samband við Laufeyju Jóhannsdóttur fyrrverandi fjölumdamisstjóra og Eikarkonu, vegna tengsla hennar innan bæjarfélagsins. Laufey tók vel í þessa hugmynd og hafði samband við garðyrkjustjóra bæjarins og sú hugmynd kom upp að nota uppgróinn lund sem til er. Nokkrar tillögur að staðsetningu komu fram þar til þessi var valin þar sem hún er í alfaraleið rétt við kjarna bæjarins.

Fjármögnun fyrir bekknum var þannig tilkomin að notaður var afgangur frá alþjóðastjórnarfundinum og það sem uppá vantaði var greitt úr sjóðum hreyfingarinnar á Íslandi. Það er ekki á hverjum degi sem við eigum alþjóðaforseta fjölmennustu mannúðar- og líknarsamtaka í heiminum og í ljósi þess að ákaflega sparlega var farið með fé hreyfingarinnar á síðasta starfsári, var ákveðið að leita ekki annað til fjármögnunar. Eins má koma fram hér að Lionshreyfingin bar engan kostnað af framboði Guðrúnar til embætti alþjóðaforseta og er Ísland

líklega eina landið/fjölumdamíð í heiminum sem ekki hefur tekið þátt í kostnaði við slíkt framboð.

Bekkurinn afhjúpaður

Reynt var að halda þessu leyndu fyrir Guðrúnu Björt og Jóni Bjarna og var hún beðin um fund með fráfarandi umdæmisstjóraráði þar sem óljóst var um efni „fundarins“. Boð var sent út á núverandi umdæmisstjóraráð, umdæmisstjórnir A og B umdæma, Eikarkonur og bæjarstjóra Garðabæjar og var mæting var með ágætum. Ellert Eggertsson fjölumdamisstjóri opnaði hátíðina og Björg Bára Halldórsdóttir fráfarandi fjölumdamisstjóri fór yfir söguna. Bekkurinn var síðan afhjúpaður við fögnuð gesta. Guðrún Björt flutti ávarp og var þakklát og stolt af öllum þeim stuðningi og heiðri sem lionshreyfingin á Íslandi hefur sýnt henni. Það kom fram í máli hennar að hún væri ákaflega ánægð með staðsetningu bekkjarins því þegar þau fara í búðina sína þá ganga þau framhá honum og þá er gott að geta tyllt sér og hvílt lúin bein. Jóna Sæmundsdóttir, bæjarfulltrúi, flutti kveðju frá bæjarstjórn Garðabæjar, í fjarveru Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra. Hún þakkaði fyrir allt það góða starf sem unnið hefur verið í bænum af hálfu Lions og minntist meðal annars á gróðurreit Eikarkvenna í Smalaholtinu.

Það er mitt álit að þessi framkvæmd fráfarandi umdæmisstjóraráðs sé vel til þess fallin að sýna þakklæti okkar fyrir hið frábæra starf sem Guðrún Björt innti af hendi í forsetatíð sinni. Ég er ákaflega stoltur af Guðrúnu og hennar starfi og ekki síst fyrir þá landkynningu sem við Íslendingar fengum í gegnum starf hennar.

Ég sem lionsmaður þakka fráfarandi umdæmisstjóraráði fyrir hugmyndina og að koma henni í verk. Þið eigið þakkir skildar.

Porkell Cýrusson ritstjóri/lionsmaður/fyrrverandi umdæmisstjóri



Lionsfélagar fylgjast með opnuninni



Guðrún þakkar fyrir sig



Guðrún, Jón Bjarni og Eikarkonur



Barnabörn Guðrúnar og Jóns Bjarna




Hópmýnd af gestum



Geirþrúður Fanney Bogadóttir fráfarandi umdæmissjóri 109A spilaði undir fjöldasöng



Gestir spjalla



Auglýsing um framboð til embætta

Í samræmi við starfsreglur og lög Fjöllumdæmis 109 vill Umdæmisstjóraráð koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjöllumdæmis og umdæmisþing það 65. verða haldin í Hafnarfirði dagana 24. og 25. apríl 2020. Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjöllumdæmis- og umdæmisþingum 2020. Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt lögum fjöllumdæmis 109.

- 1) Mál og / eða tillögur sem klúbbar og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / þingi umdæmisstjóraráðs skulu pósthleggjast umdæmisstjóra / fjöllumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / þingi umdæmisstjóraráðs.
(Síðasti skiladagur fyrir 65. Lionsþing er því 10. mars 2020.)
Umdæmisstjóraráð / Umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.
- 2) Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2020 – 2021 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2020. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.
Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í lögum Fjöllumdæmis 109: Sá einstaklingur skal vera:
 - a) Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjöllumdæmi 109.
 - b) Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
 - c) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
 - d) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
 - e) Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.
- 3) Tillögur um framboð til embættis fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2020 – 2021 og embættis vara fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2020 – 2021 skal senda fjöllumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2020. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjöllumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjöllumdæmisstjóra og til embættis vara fjöllumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.
- 4) Á umdæmis- og þingi umdæmisstjóraráðs í Hafnarfirði verður:
 - a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2020 – 2021.
 - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2020 – 2021.
 - c) Kosið í embætti fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2020 – 2021.
 - d) Kosið í embætti vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2020 – 2021.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti umdæmisstjóraráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2020:

- | | |
|---------------------------|--------------|
| e) Alþjóðasamskiptastjóri | 2020 – 2022. |
| f) Kynningarstjóri | 2020 – 2022. |
| g) GLT stjóri | 2020 – 2023. |
| h) GMT stjóri | 2020 – 2023. |
| i) GMT konur í Lions | 2020 – 2023. |
| j) Ungmennaskiptastjóri | 2020 – 2023. |
| k) GST stjóri | 2020 – 2023. |

Embætti sem þarf að kjósa um á þingi umdæmisstjóraráðs en falla ekki undir framboðsfrest:

- l) Fjöllumdæmisritari til eins árs,
- m) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs,
- n) Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.
- o) Aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu kosnir árlega.

Embætti í liðum 4e – 4i eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Reykjavík 23.nóvember 2019

Ellert Eggertsson Fjöllumdæmisstjóri 2019 – 2020

Jóhanna Thorsteinson Umdæmisstjóri 109 A 2019 – 2020

Bragi Ragnarsson Umdæmisstjóri 109 B 2019- 2020



Lionsklúbbur Kópavogs



Iðjuhús og Rjóðrið

Lionsklúbbur Kópavogs hefur í áratugi verið stór stuðningsaðili Rjóðursins, hvíldarheimilis fyrir langveik börn sem hefur starfsstöð sína í Kópavogi. Árið 2017 gaf Lionsklúbburinn Rjóðrinu m.a. sérútbúinn bíl fyrir hreyfihömluð börn og börn í hjólastólum fyrir afrakstur fjáröflunarkvölda klúbbsins.

Í haust sem leið samdi Landspítalinn við klúbbinn um að taka að sér að breyta hluta Kópavogsgæði 4, þannig að það hentaði Rjóðrinu til afnota fyrir starfsemi þess. Markmiðið er að húsnaðið verði notað sem tómstundar- og hreyfisalur fyrir skjólstæðinga Rjóðursins sem stendur við sömu götu. Vafalaust má segja að verkefnið sé með stærri verkefnum sem Lionsklúbburinn hefur tekið að sér hin síðari ár.

Vel er við hæfi að líknarfélag eins og Lionsklúbbur Kópavogs sinni þessu verðuga verkefni, því Iðjuhúsið var á sínum tíma reist fyrir fjármagn úr Styrktarsjóði vangefinna sem svo hét. Sá styrktarsjóður var m.a. fjármagnaður með gjaldi af hverri öl- og gosdrykkjarflösku seldri í landinu.

Húsið gengur að öllu jöfnu undir nafninu Iðjuhús, og hýsti til margra ára starfsemi Fjölsmiðjunnar og þar áður iðjuþjálfun fyrir Kópavogshæli.

Saga Iðjuhússins – stiklað á stóru

Iðjuhúsið var byggt á árunum 1981-1983 fyrir Kópavogshæli, og voru þar vinnustofur fyrir vistmenn þess og iðjuþjálfun. Þann 2. maí 1981 tók Svavar Gestsson, þáverandi heilbrigðisráðherra fyrstu skóflustunguna að húsinu.

Iðjuhúsið var reist með útveggjaeiningum frá Bergiðjunni, vinnustofu Kleppsspítalans, og er það eitt fárra húsa á landinu sem þær útveggja eininga þrýða. Að minnsta kosti 6 vistmönnum Kópavogshælis var útveguð vinna þar í allt að fjóra mánuði í senn.


Í kjallara hússins var eldhús, matsalur og geymslur, en á hæðinni voru vinnustofur til iðjuþjálfunar. Gjörbreyttist öll aðstaða vistmanna Kópavogshælis til þjálfunar við tilkomu þessa húsnaðis.

Það má því segja að með tilkomu þessa verkefnis Lionsklúbbs Kópavogs sé Iðjuhúsið að ganga í endurnýjun lífdaga og taka við upphaflegu hlutverki sínu sem iðjushús.

Vonast er til að húsnaðið verði afhent Rjóðrinu á vormánuðum 2020.

Ómar Þorsteinsson

Myndir sem fylgja greininni sýna Lionsmenn við framkvæmdir í Iðjuhúsi.



Fréttir frá Lionsklúbbs Vestmannaeyja

Í ár stendur klúbburinn fyrir stóru sjónverndarverkefni Í tilefni af 45 ára Afmæli klúbbsins. Fyrirhugað er að koma upp aðstöðu fyrir augnlækni á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum og búa hana út með öllum nýjustu tækjum. Hefur klúbburinn sent um 85 fyrirtækjum í Vestmannaeyjum beiðni um aðstoð við að fjármagna þetta stóra verkefni. Til gamans má segja frá því hér að Lionshreyfingin gaf á sínum tíma allan búnað inn í nýja sjúkrahúsið sem var tekið í notkun eftir eldgosið 1973 og erum við með þessu verkefni að minnast þessarar stórgjafar Lions þannig að bæjarbúar muni hver fjármagnaði sjúkrahúsið í upphafi.

Laugardaginn 2. nóvember s.l. fór Ægir Örn Ármannsson formaður og fyrrverandi formaður Sigmar Georgsson á formannafund í Reykjavík. Fundurinn var vel sóttur og var gaman að hitta aðra formenn og heyra frá verkefnum og starfsemi annarra klúbba í okkar umdæmi.

Blóðsykursmæling Lionsklúbbs Vestmannaeyja, í samstarfi við tvo hjúkrunarfræðinga frá Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum og Apótekanum, fór fram fimmtudaginn 14. nóvember milli kl. 13 og 16. Apótekarinn gaf strimlana til mælinganna lionsmenn voru áberandi á staðnum og minntu fólk á að nota tækifærið og láta truckprófa sig og taka smá blóðdropa til að fá niðurstöðu. Þessu fólki færum við bestu þakkir fyrir þeirra vinnu og Apótekanum fyrir aðstöðuna og strimlana.

Mæting var góð eða 116 manns og 8 manns var bent á að panta frekar skoðun eftir mælinguna.

Við félagarnir gerðum okkur smá dagamun fimmtudaginn 7. nóvember s.l og skelltum okkur á Kótelettukvöld í Höllinni. Frábær matur og góð skemmtiatriði. Það eru tveir menn sem standa fyrir þessu kvöldi af miklum metnaði og dugnaði og er afrakstur kvöldsins gefinn til stofnana eða líknarféлага hér í bæ. Þetta var í sjötta skipti sem þetta var haldið og fékk lionsklúbburinn okkar eitt árið úthlutað afrakstri kvöldsins og biðum svo eftir að röðin komi að okkur aftur.

Myndirnar af Kótelettukvöldinu og blóðsykursmælingunni tók Óskar Pétur

Kveðja
Sigmar Georgsson





Leiðtogaskóli Lions 2020 – Fyrir þig!

Viltu verða sterkari einstaklingur og leiðtogi?

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2020

Tími: 6.-8. febrúar 2020, þriggja daga helgi

Staður: Radisson Blu Hótel Saga

Verð: Þátttökugjald er 35.000 krónur.

Innifalið er kennsla, námsgögn, matur og kaffi auk viðurkenningarskirteinis að námi loknu. Innifalinn er hátíðarkvöldverður á laugardeginum fyrir þátttakendur (makar velkomnir á kostnaðarverði).

Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta þátttökugjalds eða allt.

Umsóknarfrestur til 24. janúar 2020

Umsóknum svarað ekki seinna en 1. febrúar 2020

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. [Námskeiðið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbstjórnunum](#). Námið er mjög mjög þroskandi og eflir þig sem einstakling og starfsmann. Hámarksfjöldi er 30 manns.

Marmið: Markmiðið er að þjálfa leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbstarfið.

Efni: Kennt er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið í leiðtogapjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólana (Regional Lions Leadership Institute). Námsefni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar og leiðtogahæfileikar. Fjölbreytileikinn og skapandi hugsun. Samskiptafærni og virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa ágreining og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Að halda góða fundi. Ræðuflutningur. Bakland Lions.

Nánari upplýsingar og skráning á Lionsskrifstofunni, sími 561 3122, netfang lions@lions.is, eða hjá Halldóri Kristjánssyni GLT stjóra, sími: 520 9000, netfang: halldor@tv.is
Umsókn með nafni, kennitölu, netfangi, símanúmeri og klúbbheiti má senda á þessi netföng.

Ertu stjórnandi gærdagsins?

**Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

Campaign 100 – Model Club

Í þessu risastóra fjárflyunarátaki er talsvert lagt upp úr því að fá „viljuga“ klúbba til að gerast Model Club.

Hvað er Model Club?

Model Club eru leiðandi klúbbar sem eru tilbúnir til að vera öðrum til fyrirmyndar, sýna gott fordæmi og leggja meira til Campaign 100 en aðrir klúbbar. Model Club eru klúbbar sem vilja tryggja að árangur fjárflyunarátaksins nái sínu marki að safna 300 milljón dollurum. Klúbbar sem vilja tryggja að Alþjóðahjálparsjóðurinn okkar, Lions Clubs International Foundation geti sinnt sínu hlutverki. Klúbbar sem vilja tryggja að við sem lionsfélagar getum verið stolt af okkar hjálparstarfi um allan heim.

Hvað þarf til að verða Model Club?

Í boði eru tvær gerðir af Model Club.

Visionary Model Club eru klúbbar sem skuldbinda sig til þess að leggja til átaksins að lágmarki 750 dollara fyrir hvern félag. Þegar þetta er skrifað hafa þegar þrír klúbbar á Íslandi gerst Visionary Model Club. Tveir þeirra voru fyrstu Model Club Norðurlandanna.

Model Club eru klúbbar sem skuldbinda sig til þess að leggja til átaksins að lágmarki 500 dollara fyrir hvern félag. Þó nokkuð margir klúbbar eru komnir langt á leið með þessa upphæð, sumir þeirra jafnvel án þess að gera sér grein fyrir því.

Hvaða greiðslur teljast með?

Öll framlög klúbbsins eða einstaklinga innan klúbbsins til LCIF frá 1. júlí 2017 teljast með í þessu átaki. Klúbbar sem „skuldbinda“ sig til að verða Visionary Model Club eða Model Club þurfa að ljúka greiðslum fyrir 30. júní 2022. Það er því nægur tími og margir klúbbar þurfa ekki annað en halda áfram með sín venjulegu framlög til að ná markmiðinu.

Model Club tryggja árangurinn.

Í Campaign SightFirst II áttakinu, 2005 – 2008 gerðust 29 klúbbar á Íslandi Model Club og Ísland var þá í fararbroddi annarra landa í Evrópu. Nokkrir íslensku klubbanna gerðu enn betur og urðu 200% og 300% Model Club. Í Campaign SightFirst II voru það Model Club sem tryggðu góðan árangur því 40% af innkomu þess átaks komu frá Model Club.

Hvað er hægt að gera fyrir framlagið.

Framlög Model Club skipta sköpum þegar kemur að stuðningi við þá sem mest þurfa á að halda. Model Club með 30 félag X 500 dollara fyrir hvern félag eða 15.000 dollara heildarframlag fær miklu áorkað:



- 15.000 börn geta fengið bólusetningu gegn mislingum
- hægt er að koma upp brunni með hreinu vatn sem þjónar 2.000 manna þorpi til frambúðar
- 1.200 börn geta fengið meðferð gegn krabbameini

➤ hægt er að gera 300 aðgerðir við ský á auga

Viðurkenningar

Við tölum stundum um að við þurfum ekki á öllum þessum viðurkenningum að halda. Innst inni held ég þó að flest okkar viðurkenni að það er gott að fá klapp á bakið, gott að fá þakkir fyrir það sem vel er gert.

Ýmsar viðurkenningar eru í boði fyrir þátttöku í Campaign 100. Öllum þessum viðurkenningum er það sameiginlegt að þær miðast við upphæð miðað við félagafjölda. Þannig fær til dæmis klúbbur með 10 félag og 3.000 dollara heildaframlag „hærrí“ viðurkenningu en klúbbur með 30 félag og 6.000 dollara framlag.

Verum með

Mest um vert er þó að allir klúbbar taki þátt og geri eins vel og þeir sjá sér fært. Jafnvel þó framlögin séu ekki há, þá gera þau gagn. Margt smátt gerir eitt stórt.

Kristinn Hannesson

Fyrroverandi ráðgjafi í alþjóðastjórn.

